

**Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála
Skuggasund 3
101 Reykjavík**

Reykjavík, 19. desember 2018

Málefni: Beiðni Orkubús Vestfjarða ohf. um að úrskurður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála í málínu nr. 127/2018, upp kveðinn 6. desember 2018, verði endurupptekinn á grundvelli ákvæða 1. mgr. 24. gr. stjórnsýslulaga nr 37/1993 og eða að úrskurðurinn verði afturkallaður á grundvelli ákvæða 1. og eða 2. mgr. 25. gr. sömu laga og breytt þannig að fallist verði á stöðvun allra framkvæmda leyfishafa á grundvelli þess nýtingarleyfis leyfishafa sem kæra OV fjallar um umfram þá nýtingu sem kærandi hefur samþykkt formlega í bréfi sínu til leyfishafa dags 14. desember 2018 til bráðabirgða uns fullnaðarúrskurður úrskurðarnefndar hefur verið kveðinn upp.

Inngangur.

Hinn 6. desember 2012 barst Orkubúi Vestfjarða ohf., kt. 660877-0299, (OV) úrskurður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála í málí nefndarinnar nr. 127/2018 um kæru OV á ákvörðun Orkustofnunar, dagsettri 8. október 2018, um að veita Ferðabjónustunni Reykjanesi, Rnes ehf., kt. 440497-2259, nýtingarleyfi á jarðhita í Reykjanesi við Ísafjarðardjúp, Súðavíkurhreppi, þar sem kröfu OV um frestun réttaráhrifa samkvæmt hinni kærðu ákvörðun var hafnað.

Hliðstæðri kröfu Ísafjarðarbæjar í hliðstæðu kærumáli, málí nefndarinnar nr. 133/2018, var einnig hafnað. Þessi tvö mál voru sameinuð.

Af forsendum úrskurðarins var ljóst að úrskurðarnefnd höfðu verið sendar frekari upplýsingar um málíð og var óskað eftir því að þau gögn væru send undirrituðum hinn 7. desember 2018. Þau gögn voru send undirrituðum með tölvupósti sama dag.

Í upptalningu fylgiskjala „andmæla“ Orkustofnunar til ÚUA, dags. 8.11.2018, er sagt að gögn málssins á stjórnsýslustigi hafi fylgt kæru OV til stofnunarinnar að mestu og að þau gögn hafi verið send til nefndarinnar sbr. 5. mgr. 4. gr. I. nr. 130/2011 um ÚUA. Upptalning þeirra gagna er að finna á bls. 5 og bls. 15-16 í kæru OV til ÚUA, dags. 23.10.2018.

Þau gögn sem höfðu borist úrskurðarnefnd eftir kæru OV hinn 23. október 2018 og send voru til undirritaðs hinn 7. desember 2018 voru þessi:

1. Bréf lögmanns leyfishafa til nefndarinnar dags. 31.10.2018
2. „Afsal“ Ísafjarðarbæjar ofl. dags. 23.12.1939.
3. Grunnleigusamningur Ísafjarðarbæjar og ríkisins dags 10.6.2002.
4. Afsal ríkisins til leyfishafa dags. 15.7.2003.
5. Grunnleigusamningur Ísafjarðarbæjar til leyfishafa dags. 25.9.2007
6. Afsal þbb Íslax til Byggðastofnunar dags. 3.6.1993.
7. Vottorð um borholuframkvæmdir Íslax, dags. 7.6.1988.
8. Afsal Byggðastofnunar til leyfishafa, dags. 3.9.2007.

9. „Andmæli“ Orkustofnunar, bréf stofnunarinnar til úrskurðarnefndar dags. 8.11.2018.
10. Nýtingarleyfi, dags. 8.10.2018.
11. Bréf Orkustofnunar til leyfishafa, dags. 8.10.2018.
12. Myndrit fundargerðar Súðavíkurhrepps hinn 10.8.2018.
13. Tilvísun Náttúrufræðistofnunar Íslands. dags. 7.3.2018.
14. Bréf Umhverfisstofnunar til Orkustofnunar dags. 6.6.2018.
15. Bréf Juris f.h. Ísafjarðarbæjar, umsögn, dags. 13.9.2018.
16. Bréf Jóns Heiðars Guðjónssonar til Orkustofnunar, andmæli vegna umsagnar OV, dags. 31.8.2018 ásamt fskj.:
 1. Afsal, dags. 8.4.1937, 23.12.1929, 3.1.1940 og 22.1.1940.
 2. Leigusamningur Ísafjarðar og Íslax dags. 26.2.1988
 3. Afsal ríkisins til leyfishafa, dags. 15.7.2003.
 4. Leigusamningur ríkisins og Ísafjarðarbæjar, dags. 10.6.2002
 5. Afsal Byggðastofnunar til leyfishafa, dags. 3.9.2007.
 6. Leigusamningur Ísafjarðarbæjar til leyfishafa, dags. 25.9.2007.
 7. Skýrsla ÍSOR dags. 26.5. 2010 (FYLGDI EKKI)
 8. Bréf Jóns Heiðars Guðjóssonar til OV, dgs. 22.8.2018.
17. Andmælabréf Veritas lögmannu leyfishafa til ÚUA, dags. 22.11.2018.

Málsatvik eftir uppkvaðningu úrskurðar ÚUA hinn 6. desember 2018.

Hinn 14.12.2018 barst OV bréf Veritas lögmannu, f.h. leyfishafa, með kröfu um tafarlausa tengingu hitaveitulagna fasteigna leyfishafa við hitaveitu OV.

Því bréfi var svarað sama dag með bréfi OV til lögmannsstofunnar, bréfi sem einnig var sent stofunni samstundis með tölvupósti.

Svar lögmannsstofunnar við bréfi OV frá 14.12.2018 barst fyrst með tölvupósti lögmannsstofunnar til framkvæmdastjóra OV hinn 17. 12. 2018.

Þeim tölvupósti var svarað með tölvupósti OV 18.12.2018

Svar við þeim tölvupósti OV hefur enn ekki borist.

Samskipti aðila eftir kæru OV til ÚUA.

Af þeim gögnum sem að framan eru rakin, einkum af bréfi Veritas lögmannu, f.h. leyfishafa, til Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála frá 31. október 2018 og andmælabréfi Orkustofnunar til nefndarinnar, dags. 8.11.2018, er ljóst að þessir þessir aðilar hafa sent nefndinni rangar upplýsingar um málsatvik sem hafa lykilþýðingu við umfjöllun málsins.

Í fyrsta lagi að stöðvun orkuafhendingar til fasteigna leyfishafa hafi verið framkvæmd á ólögmætan hátt, „sé úr öllu samhengi við allt sem kallast geti meðalhóf og eigi sér enga lagastoð, svo ekki sé dýpra í árinni tekið“ eins og segir orðrétt í „andmælum“ Orkustofnunar og vitnað er til í úrskurði nefndarinnr.

Í öðru lagi er því haldd fram að leyfishafi sé eini orkunotandinn á svæðinu, sem er rangt.

Síðast en ekki síst er hamrað á því af hálfu leyfishafans og þá ekki síður Orkustofnun að frestun réttaráhrifa hinnar kærðu ákvörðunar myndi hafa í för með sér tjón fyrir leyfishafann. Sú „krafa (OV) sé auðvitað fráleit“ segir Orkustofnun.

Það er ekki að undra að úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála hafi tekið mark á framangreindum fullyrðingum í úrskurði sínum frá 6. desember 2018 einkum í því ljósi að þær eru gefnar af stjórnvaldi sem hefur það lögbundna hlutverk að vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um orkumál og safna gögnum um orkuauðlindir landsins, sjá 2. gr. laga um stofnunina nr. 87/2003.

Í framangreindum rökstuðningi leyfishafans og Orkustofnunar, er fullyrt að krafa OV viti að þeim afnotum sem leyfishafinn hafi áður notið, notkun sem hafi verið stöðvuð með ólögmætum hætti.

Hvorki leyfishafinn né Orkustofnun geta þess að umrædd stöðvun orkuahendingar til leyfishafans fór fram vegna viðhaldsaðgerða veitunnar af öryggisástæðum, m.a. að beiðni leyfishafans sjálfs á sínum tíma. Þær aðgerðir voru tilkynntar öllum aðilum með löngum fyrirvara. Samhliða voru settir upp mælar á leiðslurnar frá hvernum um borholu OV til mælinga orku frá veitunni til hvers og eins notanda. Í framhaldi af beirri orkustöðvun til leyfishafa bauð OV að tengja leiðslukerfi fasteigna leyfishafa á ný við hið endurnýjaða veitukerfi OV á sama hátt áður. Þá bar svo við að leyfishafinn hafnaði því boði OV ítrekað og bannaði reyndar þá tengingu alfarið og bar því við að hann vildi engar mælingar þeirrar orku sem hann nýtti og auk þess krefðist hann þess að OV lýsti því yfir fyrirfram að hann ætti gjaldfrijálsan rétt til orkunnar.

Þessar upplýsingar um málsatvik eru leyfishafa að sjálfsögðu vel kunnar og þær ættu einnig að vera Orkustofnun vel kunnar að fengnum upplýsingum frá OV og vettvangsgöngu stofnunarinnar á staðnum. Rangfærslur þessara málsatvika í skýrslugjöf leyfishafa og Orkustofnunar nú til ÚUA er því alvarlegri en ella.

Enn frekari staðfesting þess að hér sé um rangfærslur að ræða liggur nú einnig skriflega fyrir í framangreindum bréfaskriftum leyfishafans og OV hinn 14. þessa mánaðar og síðan í tölvupóstum leyfishafans til framkvæmdstjóra OV hinn 17. 12. 2018 og svarpósti OV dags. 18.12.2018, sem allar fylgja bréfi þessu í myndriti.

Í bréfi lögmannsstofu leyfishafans til OV dags. 14. þ.m. segir orðrétt, með vísan til þeirrar staðreyndar að gilt nýtingarleyfi sé nú fyrir hendi, sé krafist tengingar á nýjan leik „*á tengingu þá sem félagið rauf í algjöru heimildarleysi í apríl s.l.*“

Því bréfi leyfishafans svaraði OV þannig í bréfi dagsettu sama dag:

„OV hefur kynnt sér efni þessara gagna eftir að þau bárust (nýrra gagna til ÚUA) og af þeim er ljóst að upplýsingar þær sem leyfishafi og Orkustofnun hafa sent nefndinni eru rangar varðandi mjög þýðingarmikil atriði, þ. á m. um uppsetningu á mælum til mælingar á orkunotkun Ferðapjónustunnar frá hitaveitu OV, sem gerði rof þeirrar leiðslu til Ferðapjónustunnar óumflýjanlegt. Þannig er þess hvergi getið í andmælum leyfishafa til úrskurðarnefndar að leyfishafi hafnaði alfarið tengingu umræddra leiðslna á ný eftir uppsetningu mælanna. Þegar leyfishafi hafði hafnað tengingu þessari ítrekað komst OV ekki hjá því að fylla upp í þá skurði þar sem lagnir Ferðapjónustunnar lágu af öryggisástæðum.

OV fagnar hinni breyttu afstöðu Ferðapjónustunnar og mun hlutast til um framkvæmd á tengingu leiðslunnar við hitaveitu OV á staðnum eins fljótt og kostur er.

OV vill áréttu að gjalds mun ekki krafist fyrir þá hitaorku sem veitt verður um þessar leiðslur á meðan álitaefni þessa máls hefur ekki verið leyst.“

Þessu bréfi svaraði lögmannsstofa leyfishafa með svohljóðandi tölvupósti hinn 17. desember 2018:

„Sæll Elías.

Af bréfi þínu að dæma gætir einhvers misskilnings, enda hefur ágreiningur staðið um ætlaðan rétt OV til gjaldtöku. Umbj. okkar hefur ætið viljað halda tengingu sinni við það heita vatn sem honum ber án þess að til sérstakrar greiðslu komi vegna þess.

Með bréfinu sem OV var sent er ekki verið að óska eftir heimtaug gegn gjaldi, heldur er farið fram á að OV komi á hliðstæðum tengingum veitu umbj. okkar við borholu eins og voru fyrir hendi áður. Krafa hans er að sú tenging fari alfarið fram á kostnað OV. Þá mun ekki verða innt af hendi endurgjald fyrir það vatnsrennslu sem á verður komið með þessu móti. Verði þetta ekki gert mun umbj. okkar framkvæma þessa tengingu á kostnað OV. (Áherslumerking undirritaðs)

Þessum tölvupósti svaraði framkvæmdastjóri OV 18.12.2018 með svohljóðandi tölvupósti:

„Sæll Jóhann Fannar.

Neðangreindur póstur þinn er móttékinn.

Það er greinilegt að ég hef ekki orðað bréf mitt til þín hinn 14. desember 2018 nægilega skýrt.

Með því bréfi vildi ég fyrir hönd Orkubús Vestfjarða í fyrsta lagi staðfesta að við munum framkvæma og kosta tengingu fasteigna umbjóðanda þíns, Ferðabjónustunnar á Reykjanesi, við heitavatnsborholu Orkubúsins á staðnum þannig að fyrirtækið fái notið fullnægjandi hitaorku á sama hátt og áður.

Í öðru lagi var sérstaklega tekið fram að gjalds verður ekki krafist fyrir þá hitaorku sem veitt verður til umbjóðanda þíns á meðan ekki hefur verið leyst úr því álitamáli með endanlegum hætti, samkomulagi eða dómi, hvort umbjóðandi þinn eigi rétt á þeirri hitaorku án gjalds eða ekki sem og því álitamáli sem hér er um fjallað.

Viðhald og endurbygging tengilagna og búnaðar hitaveitu Orkubúsins við umrædda borholu sem framkvæmd var fyrir stuttu síðan var m.a. gerð af öryggisástæðum og m.a. að fenginni hvatnigu frá umbjóðanda þínum. Sú framkvæmd fól að sjálfsögðu í sér stöðvun allrar afhendingar orku frá umræddri borholu á meðan sú framkvæmd stóð yfir. Tengibúnaður til tengingar veitulagna umbjóðanda þíns við hið endurnýjaða veitukerfi er utan borholuskýlisins. Hann er með sérstökum búnaði til að opna fyrir rennslu og eða loka ef óhapp yrði. Inni í borholuskýlinu eru mælar til að mæla það magn af heitu vatni sem fer frá borholunni. Mæling á nýtingu borholunnar er að sjálfsögðu nauðsynleg margra hluta vegna. Mæling magns hitaorku til umbjóðanda þíns rýrir hvorki gæði né magn afhentrar orku. Vona að þetta skýri málið á fullnægjandi hátt.

Kv. Elías“

Þegar litið er til bréfs OV til lögmanns leyfishafa dags. 14.12.2018 og svarpósts OV við ofangreindum pósti leyfishafans dags. 18.12.2018 kemur skýrt fram að OV vill staðfesta það boð sitt að leyfishafinn geti notið sömu orkunotkunar frá umræddri borholu og hann áður hafði án nokkurrar greiðslu.

Í bréfi lögmanns kæranda til OV frá 14.12.2018 og í niðurlagi tölvupósts hans til OV frá 17.12.2018 er sett fram sú **hótun leyfishafans**, að verði OV ekki við því að framkvæma tengingu fasteigna leyfisveitandans á bann hátt og með þeim skilyrðum sem leyfishafinn setur muni leyfisveitandinn “framkvæma bessa tengingu (sjálfur) á kostnað OV”.

Það skal vissulega viðurkennt að OV stendur ógn af þessum ítrekuðu hótunum leyfishafans að brjótast inn í borholuskýli OV og breyta lagnakerfi OV eftir eigin höfði með einhverjum hætti og framkvæma síðan sjálftöku á hitaorku um borholuna. Það blasir við að af slíku ólögmætu ofbeldi gætu vissulega hlotist skemmdir á núverandi búnaði OV á staðnum, jarðhitaholunni sjálfrí og jarðhitasvæði því sem hún tengist. Þessi hótun er virk og yfirvofandi. Hún virðist byggjast á því álití leyfishafans að í nýtingarleyfi Orkustofnunar felist eignarnám og afhendingarheimild eigna OV án greiðslu, sem er að sjálfsögðu rangt.

Hótanir þessar eru ekki ástæða boðs OV eins og að framan er rakið. Boð OV um tengingu hitaveitu OV og fasteigna leyfishafans kom til strax eftir endurnýjun búnaðar OV við borholuna og uppsetningu mæla í borskýlinu.

Nú standa yfir mælingar á orkugetu jarðhitasvæðisins á Reykjanesi. Það kemur mjög á óvart að sjá fullyrðingar Orkustofnunar í andmælum stofnunarinnar um afl og orku jarðhitasvæðisins og tiltekinna borhola á því allt frá 1934 án tilvitnunar í himildir um viðeigandi mælingar um það efni á undangengnum 84 árum. Í gögnum frá leyfishafa sjálfum segir að engin leið sé að mæla vatnsmagnið sem fer um hitakerfi húsanna, engir mælar séu á staðnum og affallið fer beint niður í frárennslu undir húsunum – hitakerfið sé barn síns tíma. Sama og enn frekar er það ámælisvert að veita leyfishafa nýtingarleyfi fyrir ákveðnu magni af heitu vatni á svæðinu án mælinga á afkastagetu svæðisins og algjörlega án nokkurrar könnunar á afleiðingum þeirrar leyfisveitingar á nýtingu OV af sömu auðlynd svo sem skylt er gera skv. 17. gr. auðlindalaganna nr. 57/1998 svo sem nánar er rakið í 2., 3., 4., 5.og 6. málsástæðukafla kæru.

Það er alfarið rétt sem segir í forsendukafla úrskurðar úrskurðarnefndar frá 6. desember 2018, eftir því sem OV veit best, að áframhaldandi óbreytt vatnstaka úr margnefndri borholu muni ekki hafa skaðleg áhrif á auðlindina.

Einmitt af þeirri ástæðu beindist krafa OV um úrskurð um stöðvun yfirvofandi virkjunarframkvæmda leyfishafa á grundvelli nýtingarleyfis Orkustofnunar ekki að tengingu lagnakerfis leyfishafa við hitaveitu OV. Sú tenging fæli aðeins í sér óbreytta notkun leyfishafans, notkunarheimild sem nú hefur verið samþykkt ítrekað af OV.

Hinum væntanlegu framkvæmdum eða framkvæmdaheimildum leyfishafans, sem kærðan og stöðvunarkrafa OV beinist að, er best lýst í sjálfu leyfisbréfi Orkustofnunar frá 8.10.2018, 1., 2., 3. og 4. gr. Í þeim greinum er leyfishafa veitt mjög viðtæk réttindi. Leyfið er svo viðtækt að beiting þess til hins ítrasta myndi valda ómældu tjóni á núverandi nýtingu OV á auðlindinni. Beiting þess myndi gera allar fjárfestingar OV til nýtingar auðlindarinnar óraunhæfar og eða ómögulegar, þurrka út allan grundvöll núverandi rekstrar og væntingar Orkubús Vestfjarða á svæðinu, rekstur og uppbyggingu borhola og viðhalds þeirra sem OV hefur kostað til tugum milljóna króna á undanförnum árum. Um það fjallar kæra OV í málinu.

Það skal viðurkennt að OV hefði getað afmarkað kröfu sína um úrskurð um stöðvun framkvæmda skv. 25. tl. kæru með ítarlegri hætti en gert var en OV átti ekki von á framangreindum rangfærslum leyfishafa og Orkustofnunar.

I hinni kærðu leytisveitingu leyfishafans og fylgibréfi Orkustofnunar með henni var þannig á því byggt og því haldd fram að OV reki ekki einu sinni hitaveitu á staðnum, sjá niðurlag 2. gr. á bls. 6 í fylgibréfi stofnunarinnar til leyfishafans dags. 8.10.2018.

Eftir kæru OV á leyfisveitingunni til ÚUA hentar sá rökstuðningur ekki lengur án fyrirvara. Þann fyrirvara reynir Orkustofnun að draga upp þannig að vera kunni að OV kunni að eiga og reki hitaveitu á svæðinu sem Orkustofnun sé ekki kunnugt um, sjá efst á bls. 6 í andmælum stofnunarinnar til ÚUA dags. 8. nóvember 2018. Sjá einnig umfjöllunar í úrskurði ÚUA í málínunum málsrök Orkustofnunar sem fjalla efnislega um það að OV hafni tengingu leyfishafans við hitaveitu OV. Sá rökstuðningur er rangur svo sem rakið er hér að framan.

Krafa OV nú er sú að úrskurður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála í mali þessu frá 6. desember 2018 verði endurupptekinn á grundvelli ákvæða 1. mgr. 24. gr. stjórnsýslulaga nr 37/1993 og eða að úrskurðurinn verði afturkallaður á grundvelli ákvæða 1. og eða 2. mgr. 25. gr. sömu laga og breytt þannig að fallist verði á stöðvun allra framkvæmda leyfishafa á grundvelli bess nýtingarleyfis sem kæran fjallar um umfram þá tengingu fasteigna leyfishafa og orkunýtingu um þá tengingu við hitaveitu OV sem OV hefur samþykkt í bréfi sínu til leyfishafa dags 14. desember 2018 til bráðabirgða uns fullnaðarúrskurður úrskurðarnefndar hefur verið kveðinn upp.

Rök OV fyrir þessari kröfugerð eru í fyrsta lagi þau að leyfishafi og Orkustofnun hafi gefið nefndinni rangar og ófullnæggjandi upplýsingar um málsatvik og að úrskurður nefndarinnar sé því byggður á röngum upplýsingum um málsatvik. Í öðru lagi liggur fyrir að OV hefur nú staðfest með óumdeilanlegum hætti heimild leyfishafa til nýtingar orku frá hitaveitu kæranda á sama magni hitaorku og áður á því tímabili sem mali skiptir, sem leiðir örugglega til þess að leyfishafi verður ekki fyrir neinu tjóni vegna frestunar réttaráhrifa hinnar kærðu leyfisveitingar.

Að öðru leyti er vísað til framangreinds rökstuðnings sem og rökstuðnings í kæru.

Óskað er eftir því að erindi þetta fái eins fljóta meðferð og unnt er með hliðsjón af ítrekuðum hotunum leyfishafa um sjálftöku og aðrar ólögmætar aðgerðir.

Orkubú Vestfjarða ítrekar að lokum gerðar kröfur og áskilur sér allan rétt til að bera fram nýjar málsástæður, frekari rökstuðning og ný lagasjónarmið, svo og til að leggja fram ný gögn síðar, allt eftir því sem tilefni kann að gefast til.

Virðingarfyllst,



Jónas A. Aðalsteinsson, hrl.

Fskj.



Orkubú Vestfjarða ohf.

kt. 660877-0299

Stakkanesi 1

400 Ísafirði

Reykjavík, 14.12.2018.

Efni: Krafa um tafarlausa tengingu hitaveitulagna fasteigna Ferðaþjónustunnar á Reykjanesi ehf. við borholu.


Til VERITAS lögmannna hefur leitað Ferðaþjónustan Reykjanesi ehf., kt. 440497-2259, vegna rofs á tengingu fasteigna félagsins við borholu þess á Reykjanesi. Orkubú Vestfjarða ohf. mun, í aprílmánuði 2018, hafa rofið tengingu veitulagna umbj. okkar við borholu sem séð hefur fasteignum hans fyrir heitu vatni. Var það gert í skjóli þess að Orkubú Vestfjarða taldi sig eiga rétt til nýtingar þessa heita vatns sem málið varðar.

Með nýtingarleyfi, útgefnu 8. október sl. var umbj. okkar heimiluð 9,01 l/s meðalnýting á ársgrundvelli og 12 l/s hámarksnýting vegna þarfa hitaveitu fyrir ferðaþjónustu sína. Orkubú Vestfjarða kærði veitingu nýtingarleyfisins með kæru dags. 23. október sl. og krafðist jafnframt frestunar réttaráhrifa hinnar kærðu ákvörðunar.

Úrskurðarnefnd Umhverfis- og auðlindamála hefur þegar kveðið upp úrskurð þess efnis að hafna kröfu um frestun réttaráhrifa hinnar kærðu ákvörðunar, sbr. úrskurð nefndarinnar, dags. 6. desember sl. í sameinuðum málum nr. 127/2018 og 133/2018. Í úrskurði nefndarinnar er jafnframt áréttáð að frestun á réttaráhrifum hinnar kærðu ákvörðunar, um veitingu nýtingarleyfisins, myndi hafa í för með sér tjón fyrir umbj. okkar.

Orkubú Vestfjarða telur ekki til eignarréttinda yfir því eignarlandi sem um er að tefla. Þá telur félagið heldur ekki til réttinda yfir þeim réttindum sem nýtingarleyfi umbj. okkar tekur til. Með vísan til þess og þeirrar staðreyndar að gilt nýtingarleyfi er fyrir hendi er þess krafist að Orkubú Vestfjarða ohf. tengi á nýjan leik á tengingu þá sem félagið rauf í algeru heimildarleysi í apríl sl. Veittur er fimm daga frestur til þess að bregðast við og koma tengingunni á og í samt lag. Bregðist Orkubú Vestfjarða ohf. ekki við og komi fullnægjandi tengingu á innan þess frests mun umbj. okkar hlutast til um að koma tengingunni sjálfur á og krefja Orkubú Vestfjarða ohf. um þann kostnað sem af því hlýst. Hinu sama gegnir um annað tjón sem hlotist hefur af ólögmætum aðgerðum félagsins og óumflýjanlegt verður að krefjast bóta fyrir.

Virðingarfyllst,



Jóhann Fannar Guðjónsson lögmaður,
f.h. Friðbjörns E. Garðarssonar lögmanns.

Veritas lögmann
Jóhann Fannar Guðjónsson, lögmaður,
f.h. Friðbjörns E. Garðarssonar, lögmanns
Borgartúni 26
105 Reykjavík.

Ísafirði 14. desember 2018

Efnl: Krafa Veritas lögmannna fyrir hönd Ferðaþjónustunnar Reykjanesi um tafarlausa tengingu hitaveitulagna fasteigna Ferðaþjónustunnar við borholu.

Hinn 6. desember 2018 barst Orkubúi Vestfjarða ohf., kt. 660877-0299, (OV) úrskurður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála í máli nefndarinnar nr. 127/2018 um kæru OV á ákvörðun Orkustofnunar, dagsettri 8. október 2018, um að veita Ferðaþjónustunni Reykjanesi, Rnes ehf., kt. 440497-2259; nýtingarleyfi á jarðhita í Reykjanesi við Ísafjarðardjúp, Súðavíkurhreppi. Með úrskurði þessum var kröfu OV um frestun réttaráhrifa samkvæmt hinni kærðu ákvörðun hafnað.

Hliðstæðri kröfu Ísafjarðarbæjar í hliðstæðu kærumáli, máli nefndarinnar nr. 133/2018, var einnig hafnað. Þessi tvö mál voru sameinuð.

Af úrskurði þessum var ljóst að úrskurðarnefnd höfðu verið sendar einhverjar frekari upplýsingar um málið og var óskað eftir því að þau gögn væru send OV hinn 7. desember 2018 og sendi nefndin þau gögn með tölvupósti sama dag.

OV hefur kynnt sér efni þessara gagna eftir að þau bárust og af þeim er ljóst að upplýsingar þær sem leyfishafi og Orkustofnun hafa sent nefndinni eru rangar varðandi mjög þýðingarmikil atriði, þ. á m. um uppsetningu á mælum til mælingar á orkunotkun Ferðaþjónustunnar frá hitaveitu OV, sem gerði rof lagna til Ferðaþjónustunnar óumflýjanlegt. Þannig er þess hvergi getið í andmælum leyfishafa til úrskurðarnefndar að leyfishafi hafnaði alfarið tengingu umræddra lagna á ný eftir uppsetningu mælanna. Þegar leyfishafi hafði hafnað tengingu þessari ítrekað komst OV ekki hjá því að fylla upp í þá skurði þar sem lagnir Ferðaþjónustunnar lágu af öryggisástæðum.

OV fagnar hinni breyttu afstöðu Ferðaþjónustunnar og mun hlutast til um framkvæmd á tengingu leiðslunnar við hitaveitu OV á staðnum eins fljótt og kostur er.


OV vill áréttu að gjaldu mun ekki krafist fyrir þá hitaorku sem veitt verður um þessar lagnir á meðan álitaefni þessa máls hefur ekki verið leyst.

Móttaka þessa bréfs og samþykki við framangreindri framkvæmd tengingarinnar óskast vinsamlega staðfest sem fyrst með skriflegum hætti með áritun á meðfylgjandi samrit bréfs þessa áður en framkvæmdir hefjast.

Mynd af samþykki í tölvubréfi nægir til að framkvæmd hefjist.

Með vinsemd,

f.h. Orkubús Vestfjarða ohf


Elías Jónatansson, orkubússtjóri

Staðfesting móttöku og samþykki fyrir tengingu lagna við stofnlagnir Orkubús Vestfjarða

F.h. Rnes / Ferðapjónustunnar Reykjanesi

dags. _____

(undirskrift)

Jónas A. Aðalsteinsson

From: Elías Jónatansson <ej@ov.is>
Sent: þriðjudagur, 18. desember 2018 10:48
To: Jóhann Fannar Guðjónsson; Jónas A. Aðalsteinsson
Cc: Friðbjörn Garðarsson
Subject: RE: Krafa um tengingu hitaveitulagnar á Reykjanesi

Sæll Jóhann Fannar.

Neðangreindur póstur þinn er móttékinn.

Það er greinilegt að ég hef ekki orðað bréf mitt til þín hinn 14. desember 2018 nægilega skýrt.

Með því bréfi vildi ég fyrir hönd Orkubús Vestfjarða í fyrsta lagi staðfesta að við munum framkvæma og kosta tengingu fasteigna umbjóðanda þíns, Ferðaþjónustunnar á Reykjanesi, við heitavatnsborholu Orkubúsins á staðnum þannig að fyrirtækið fái notið fullnægjandi hitaorku á sama hátt og áður.

Í öðru lagi var sérstaklega tekið fram að gjalds verður ekki krafist fyrir þá hitaorku sem veitt verður til umbjóðanda þíns á meðan ekki hefur verið leyst úr því álitamáli með endanlegum hætti, samkomulagi eða dómi, hvort umbjóðandi þinn eigi rétt á þeirri hitaorku án gjalds eða ekki sem og því álitamáli sem hér er um fjallað.

Viðhald og endurbygging tengilagna og búnaðar hitaveitu Orkubúsins við umrædda borholu sem framkvæmd var fyrir stuttu síðan var m.a. gerð af öryggisástæðum og m.a. að fenginni hvatnigu frá umbjóðanda þínum. Sú framkvæmd fól að sjálfsögðu í sér stöðvun allrar afhendingar orku frá umræddri borholu á meðan sú framkvæmd stóð yfir. Tengibúnaður til tengingar veitulagna umbjóðanda þíns við hið endurnýjaða veitukerfi er utan borholuskýlisis. Hann er með sérstökum búnaði til að opna fyrir rennsli og eða loka ef óhapp yrði. Inni í borholuskýlinu eru mælar til að mæla það magn af heitu vatni sem fer frá borholunni. Mæling á nýtingu borholunnar er að sjálfsögðu nauðsynleg margra hluta vegna. Mæling magns hitaorku til umbjóðanda þíns rýrir hvorki gæði né magn afhentrar orku.

Vona að þetta skýri málið á fullnægjandi hátt.

Kv. Elías

Kveðja, Elías

Elías Jónatansson Orkubússjóri CEO +354 892-4461 ej@ov.is	Orkubú Vestfjarða ohf. Stakkanes 1, 400 Ísafirði +354 450 3211 www.ov.is	 ORKUBÚ VESTFJARÐA
--	--	--

From: Jóhann Fannar Guðjónsson <johann.fannar@veritaslogmenn.is>

Sent: mánudagur, 17. desember 2018 14:50

To: Elías Jónatansson <ej@ov.is>; Jónas A. Aðalsteinsson (jaa@lex.is) <jaa@lex.is>

Cc: Friðbjörn Garðarsson <fridbjorn@veritaslogmenn.is>

Subject: RE: Krafa um tengingu hitaveitulagnar á Reykjanesi

Sæll Elías.

Af bréfi þínu að dæma gætir einhvers misskilnings, enda hefur ágreiningur staðið um ætlaðan rétt OV til gjaldtöku. Umbj. okkar hefur ætíð viljað halda tengingu sinni við það heita vatn sem honum ber án þess að til sérstakrar greiðslu komi vegna þess.

Með bréfinu sem OV var sent er ekki verið að óska eftir heimtaug gegn gjaldi, heldur er farið fram á að OV komi á hliðstæðum tengingum veitu umbj. okkar

við borholu eins og voru fyrir hendi áður. Krafa hans er að sú tenging fari alfarið fram á kostnað OV. Þá mun ekki verða innt af hendi endurgjald fyrir það vatnsrennsli sem á verður komið með þessu móti. Verði þetta ekki gert mun umbj. okkar framkvæma þessa tengingu á kostnað OV.

Kv.

Jóhann Fannar Guðjónsson hdl.
johann.fannar@veritaslogmenn.is

From: Elías Jónatansson <ej@ov.is>
Sent: 14. desember 2018 18:26
To: Jóhann Fannar Guðjónsson <johann.fannar@veritaslogmenn.is>; Jónas A. Aðalsteinsson (jaa@lex.is)
<jaa@lex.is>
Subject: RE: Krafa um tengingu hitaveitulagnar á Reykjanesi

Sæll Jóhann Fannar

Meðfylgjandi er svar við erindi um tengingu hitaveitulagnar í Reykjanesi sem Orkubúinu barst í dag.
Bréfið verður einnig póstlagt.

Kveðja, Elías

Elías Jónatansson Orkubússtjóri CEO +354 892-4461 ej@ov.is	Orkubú Vestfjarða ohf. Stakkanes 1, 400 Ísafirði +354 450 3211 www.ov.is	 ORKUBÚ VESTFJARÐA
---	--	--

From: Jóhann Fannar Guðjónsson <johann.fannar@veritaslogmenn.is>
Sent: föstudagur, 14. desember 2018 15:07
To: Elías Jónatansson <ej@ov.is>; Jónas A. Aðalsteinsson (jaa@lex.is)<jaa@lex.is>
Subject: Krafa um tengingu hitaveitulagnar á Reykjanesi

Góðan dag.

Meðfylgjandi í viðhengi er bréf sem hefur að geyma kröfu umbj. VERITAS lögmanna, Ferðaþjónustunnar Reykjanesi ehf., um að tengingu hitaveitulagna fasteigna þeirra á Reykjanesi verði tafarlaus komið á.
Að öðru leyti vísast til bréfsins sem einnig verður póstlagt.

Með kveðju / Best regards,

Jóhann Fannar Guðjónsson hdl.
District Court Attorney / Associate
johann.fannar@veritaslogmenn.is



VERITAS lögmenn
Borgartúni 28, 3. hæð.
105 Reykjavík